

# KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

12. maí 2026. 166. tbl. 24. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is



KOSNINGAR 16. MAÍ

## Hvað ætlar þú að kjósa?

### Efnisyfirlit

■ ÍK	2
■ Skautasvell?	4
■ Geðræktarhús	6
■ Eldey	8



### Skautasvell í Kópavogi? /4



### 50 ára afmælis-treyja ÍK /2



### Viðreisnarblaðið /9-12

**VILDARKORT**  
**LIND**  
FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar** sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum

**Húsgagnahóllir:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúggur:** 30% afsláttur af öllum innviðingum. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parké:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðingum. **Z. brautir og gluggatölv:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðar:** 30% afsláttur af hreinlaetstækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsöllum.

**LIND**  
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4  
Sími: 510 7900  
www.fastlind.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS  
Sönan 1996

ALÚÐ VIRDING  
TRAUST REYNLSA

Útfararþjónusta í þrjá áratugi

Sólarhringsþjónusta  
581-3300  
utforin@utforin.is  
utforin.is

Við komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað.

Sverrir Einarsson 8968242  
Jóhanna Eiríksdóttir 8968242  
Andrés James 6625339

Samstarfsaðilar: Útfararstofa Hafnafjarðar s. 565-5892 Útfararstofa Garðabæjar s. 565-0210

BÍLASTOÐ  
réttingar & sprautun

GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI

RETTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA

Smiðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636  
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

SUMARNÁMSKEIÐ

Skopp.

Varmi

Sérhæfum okkur í réttinum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi  
Við réttum og sprautum  
Auðbrekku 14 Kópavogi - Sími: 564 2141  
www.varmiehf.is

Kjötbúð í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA

KJÖTHÚSIÐ  
Kjötvinnsla  
Smiðjuvegi 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833  
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is

ÍPRÓTTAFÉLAG KÓPAVOGS



# 50 ára afmælis-treyja ÍK

Í tilefni af 50 ára afmæli Íþróttafélags Kópavogs (ÍK), sem starfaði í bænum á árunum 1976–1991 og lagði grunninn að knattspyrnudeild HK, hefur Macron hannað sérstaka afmælistreyju með nokkrum fyrrverandi leikmönnum félagsins. Um er að ræða góðgerðatreyyju og rennur allur hagnaður af sölu hennar til barna- og unglíngastarfs HK.

Góðgerðatreyyjan er innblásin af upprunalegum litum og sögu ÍK. Styrktaraðilinn framán á er Reykofninn, sem var langlífasti bakhjarl ÍK. Letrið á treyjunni er innblásið af bókunum um Morgan Kane eftir Louis Masterson, en Prentúsið var dyggur styrktaraðili ÍK í nokkur ár.

Treyjan verður einvörðungu seld á vef Macron. Hún kemur í takmörkuðu upplagi og einungis í síðerma útgáfu. Hægt er að forpanta treyjuna á vef Macron fram til 1. júní 2026.

Þess má geta að við forpöntun er hægt að skrá nafn, til dæmis leikmanns eða iðkanda, sem verður prentað með fingerðu letri í grænar rendur treyjunnar.

## Afmælisleikur HK og Fylkis 5. september

Afmælistreyjan verður kynnt sérstaklega á afmælisviðburðum á árinu og munu bæði fyrrverandi leikmenn ÍK og fulltrúar úr HK-samfélaginu í dag taka þátt í að heiðra þennan litla en mikilvæga kafla í sögu íslenskrar knattspyrnu. Sérstakur afmælisleikur verður laugardaginn 5. september



Nýr ÍK búningur í tilefni af 50 ára afmæli ÍK.

2026 þegar HK og Fylkir etja kappi í Lengjudeild karla. Afmælistreyjan verður keppnisbúningur HK þann dag.

Þess má geta að fyrirhugað er að blása til upphitunar og eftirmála kringum leikinn og líklegt að 50 ára afmæli ÍK heitins verði fagnað um kvöldið.

## Litirnir frá Celtic í Skotlandi

Við þróun treyjunnar var lögð áhersla á að halda í söguleg einkenni félagsins. Litasamsetning ÍK kemur upphaflega frá knattspyrnuliðinu Celtic í Skotlandi, en Jóhannes Eðvaldsson, þáverandi leikmaður skoska liðsins, kom að stofnun ÍK gegnum vinskáp sinn við upphafsmenn félagsins og útvegaði þeim búninga. Á sama tíma er notast við nútímaleg efni og snið frá Íþrótt-



Hið goðsagnakennda knattspyrnufélag ÍK var starfrækt á árunum 1976 - 1991 í Austurbæ Kópavogs og var aðallega knattspyrnufélag fyrir drengi. Margir þjóðþekktir einstaklingar æfðu með félaginu og eiga frá því góðar minningar. Félagið rann inn í HK og lagði þar öflugan grunn að knattspyrnudeild félagsins. Ljósmynd: Magnús Harðarson.



Víðir Sigurðsson, sem um langa hríð hefur verið einn fremsti íþróttablaðamaður landsins, lék lengi með ÍK og bregður sér oft í ÍK treyju þegar hann skellir sér í fótbolta. Ljósmynd: Aðsend.

vöruframleiðandanum Macron. Útkoman er skemmtileg afmælisútgáfa sem endurspeglar bæði stolta fortíð og sterka framtíðarsýn Íþróttastarfs í Kópavogi.



Markmenn skulfu þegar markamaskínan Ólafur Petersen nálgadist teiginn á ógnarhraða. Hér stillir hann sér upp í myndatöku, örugglega eftir eitt glæsimaríkið. Ljósmynd: Magnús Harðarson.

## Virðingartreyja

Treyjan er hugsuð sem virðingartreyja við hugsjónafólkið sem byggði upp öflugt íþróttastarf í Kópavogi á sínum tíma. Með hönnuninni er brúað bil

milli kynslóða; þeirra sem muna eftir ÍK á vellinum og nýrrar kynslóðar iðkenda og stuðningsfólks HK sem nýtur arfleifðar félagsins í dag.



FRÍFORM  
2000 - 2026

Askalind 3  
201 Kópavogur  
Friform.is  
Virka daga  
10-17  
Laugardaga  
11-15

**Við aðstoðum þig við hönnun á þinni drauma innréttingu.**

## LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Vetraropnun: 13-16  
alla virka daga  
Verið velkomin

## Bergsteinar

legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



## KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Kópavogsblaðið slf, kt: 620513-1800

### Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ á búa í, starfa og heimsækja.

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson  
Sími: 899 3024  
Netfang: audun@kopavogsbladid.is  
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is  
Hönnun: Guðmundur Árnason  
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com  
Prentun: Landsprent.

Fáðu tilboð í umfjöllun í Kópavogsblaðinu  
kopavogsbladid.is/samstarf/



Skannaðu kóðann



## Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# XV Sterkara samfélag fyrir okkur öll



Húsnæði og skipulag fyrir fólk



Stuðningteymi sérfræðinga í skólana



Jöfnuður, jafnrétti og stuðningur



Hverfistaðir með garði eða annarri afþreyingu



Náttúra, lífsgæði og betri samgöngur



Samráð, ábyrgð og gagnsæi í rekstri

Viltu lesa meira?

[www.vg.is/frambod-kosningar/kopavogur](http://www.vg.is/frambod-kosningar/kopavogur)



**Sterkt samfélag** veitir fólki öryggi, stuðning og tækifæri



VINSTRI GRÆN  
OG ÓHÁÐ Í KÓPAVOGI



## Lakkskemman

### Bílamálun + Réttingar

**Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi,**  
**sími: 557 4540, [www.lakkskemman.is](http://www.lakkskemman.is)**

**VEIDIKORTIÐ**  
**2026**

**Veiðitímabilið er byrjað!**

Kortið beint í símann:

[veidikortid.is](http://veidikortid.is)

veidikortid.is

**35 ÁRA REYNsla**

**LENTIR ÞÚ Í TJÓNI?**

VIÐ ÞJÓNUSTUM ÖLL TRYGGINGAFÉLÖG



## AÐSENT

# Skautasvell í Kópavogi?


Aðstæður til iðkunnar skautaiþróttar á Íslandi hafa mikið verið í fjölmíðlum á síðustu misserum, aðallega hafa umfjallanir komið frá okkur sem stöndum íþróttunum nærri og höfum verulegar áhyggjur af uppvexti. Ekki vegna áhugaleysis Íslendinga heldur vegna aðstöðuleysis og vanbúnaðar. Hver er raunverulegur áhugi landsmanna á því að skauta? Þegar undirrituð fékk aðsóknartölur frá Hjartasvellinu í Hafnarfirði kom í ljós að 3.000 heimsóknir áttu sér stað á þeim 30 dögum sem svellið var opið. Ef við horfum einnig á Nova svellið sem opið var í frá 21. nóvember til 27. desember, með lokunum yfir hátíðisdaga, voru heimsóknir þar 12.000. Samtals eru því 15.000 heimsóknir á skautasvell sem voru rekin voru á mánuði fyrir almenning. Hér verður ekki litið til aðsóknar í Skautahöllina í Laugardal eða Skautasvellið Egilshöll. Áhugi almennings er augljós og iðkendurnir eru til staðar. Íbúakos-



Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir, íþróttar- og lýðheilsufræðingur, varaformaður Ishokkisambands Íslands.

ingur í Kópavogi leiddu það í ljós að Kópavogsbúar vilja fá skautasvell. Sveitafélagið hefur þegar samþykkt að veita 40.000.000 kr. í uppbyggingu á skautasvelli. Því er vel en betur má ef duga skal. Það er staðreynd að í Reykjavík æfa börn sem eru búsett í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Ef við einangrum þetta við Kópavog þá er það staðan að að Kópavogur er að styrkja íþróttafélögin í Reykjavík þar sem að börn í Kópavogi hafa ekki aðgengi að skautaiþróttum í sínu bæjarfélagi. Það væri þó ekki verst bitinn að hagræða peningum í

einhverju samstarfi ef það bara gengi upp. Staðreyndin er sú að þegar þessir iðkendur fara úr skautaskólum og fara í sérhæfðari þjálfum í efri flokkum færast æfingartíminn á þannig tíma dags að nær ómögulegt er fyrir foreldra að skutla á æfingar. Brottfall þessara iðkenda er því meira og gerist fyrr en brottfall reykvískra barna sem æfa skautaiþróttir. Búseta iðkenda og nálægð við skautahallar skiptir máli. Það er staðreynd að samfélagslegur ávinningur er af íþróttar- og tómstundastarfi. Það er krafa okkar allra að allir finni sér eitthvað við sitt hæfi. Börn sem búsett eru utan Reykjavíkur eru í enn viðkvæmri stöðu gagnvart þessum þætti en önnur. Til eru teikningar eftir Yngva Karl Sigurjónsson að skipulagi og uppbyggingu til enn frekara íþróttastarfs í Kópavogsdalunum. Þar er meðal annars gert ráð fyrir skautasvelli. Teikningum Yngva og tillögu Skautasambands Íslands var þó hafnað. Við bindum miklar vonir um að í áætlaðri deiluskipulagsbreytingu á svæðinu í Kópavogsdal verði gert ráð fyrir skautahöll fyrir íbúa Kópavogs. Það er allt sem sýnir okkur að Kópavogsbær er í kjör aðstæðum til að grípa þennan bolta, hefja uppbyggingu, tryggja aðgengi að fjölbreyttari íþróttaiðkunum, bjóða börnum fleiri möguleika og leggja sitt til samfélagsins með slíkri framkvæmd.



## BÓKASAFNIÐ

### Sumarlestrar- hestar í sólskins- skapi

Miðvikudaginn 20. maí kl. 17.00 hefst sumarlestrarátak bókasafnsins með gleði á aðalsafni.

Ævar Þór Benediktsson kemur í heimsókn og les upp úr bókum sínum og verður með lestrarhvatningu fyrir börnin. Þar á eftir



Ævar Þór Benediktsson, rithöfundur.

verður sumarlestrarátakið kynnt þar sem Gúndi geithafur verður í aðalhlutverki.



# Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

**Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi**

*Rúnar Geirmundsson*

Sími · 567 9110 · [utfarir@utfarir.is](mailto:utfarir@utfarir.is) · [www.utfarir.is](http://www.utfarir.is)



Elís Rúnarsson



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



MIÐFLOKKURINN

# STÖÐVUM ÞÉTTINGU BYGGÐAR

**Miðflokkurinn** hefur einn staðið vörð um Kópavogsbúa sem hafna svokallaðri „**Reykjavíkurvæðingu**“ Kópavogsbæjar.

Við viljum að íbúar hafi raunverulegt val um ferðamáta og að tryggð séu **2 bílastæði** við hverja íbúð.

Miðflokkurinn **hafnar forræðishyggju** sem þrengir að fólki og **þvingar** einstaklinga til þess að notast við ferðamáta sem **skerðir lífsgæði**.

Ef þú vilt **stöðva þéttingu byggðar** setur þú X við M þann 16. maí.



Skoðaðu stefnuskrána í heild sinni á:  
[midflokkurinn.is/kopavogur](http://midflokkurinn.is/kopavogur)



## VELFERÐ

## Alzheimer-samtökin í Geðræktarhúsið

Alzheimersamtökin munu leigja Geðræktarhúsið í Kópavogi og nýta undir heilsutengda starfsemi fyrir fólk sem greinst hefur með heilabilun.

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs og Guðlaugur Eyjólfsson framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna hafa skrifað undir leigusamning um leigu á 1. hæð og kjallara hússins og er stefnt að því að starfsemi hefjist í húsinu í nóvember næstkomandi.

Geðræktarhúsið stendur við Kópavogsgæði 8. Það var reist fyrir tilstuðlan Hringsskólanna sem ráku hressingarhæli í húsinu. Húsið var tekið í notkun fyrir 100 árum, árið 1926 og er eina húsið í Kópavogi sem teiknað var af Guðjóni Samúelssyni.

„Það er einstakt ánægjuefni að bjóða Alzheimer-samtökin velkomin í Geðræktarhúsið með þjónustuúrræði fyrir fólk með heilabilun. Þetta



Á myndinni eru frá vinstri Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri, Ragnheiður Ríkhardsdóttir formaður stjórnar Alzheimer-samtakanna og Guðlaugur Eyjólfsson framkvæmdastjóri.

er mikilvæg starfsemi sem ég er stolt af að fá samastað í þessu fallega og sögulega húsi,“ sagði Ásdís Kristjánsdóttir við tækifærið.

„Við hlökkum mikið til að opna nýtt þjónustuúrræði fyrir fólk á fyrstu stigum heilabilunar í þessu glæsilega húsnæði. Starfsemin verður sambærileg Seiglunni sem við rekum í Lífs-gæðasetrinu í Hafnarfirði, sem áður hýsti St. Jósefsspítala, það er videigandi þar sem Guðjón Samúelsson teiknaði bæði húsin og voru þau bæði tekin í notkun árið 1926,“ sagði Guðlaugur Eyjólfsson.

## BLIKAR

## Pétur Hrafn nýr formaður Breiðabliks

Á aðalfundi Breiðabliks, sem fram fór nýverið í Smáranum, lýsti Ásgeir Baldurs því yfir að hann gæfi ekki lengur kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður félagsins. Ásgeir hefur gegnt formennsku félagsins frá árinu 2022.

Á fundinum var Ásgeir sæmdur gullmerki ÍSÍ og UMSK fyrir störf sín í þágu félagsins og íþróttahreyfingarinnar.

Einn var í framboði til formanns og var því Pétur Hrafn Sigurðsson sjálfkjörinn formaður félagsins. Pétur hefur setið í aðalstjórn Breiðabliks frá árinu 2022 en áður gegndi hann formennsku körfuknattleiksdeildar félagsins um árabíl.

Jóhann Þór Jónsson gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn félagsins. Ný inn í stjórnina koma Ásgeir Haukur Guðmundsson, Elvar Páll Sigurðsson og María Sæm Bjarkardóttir, sem voru kjörin til tveggja ára. Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir og

Benedikt Sigurðsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu og var þeim þakkað fyrir frábær störf í þágu félagsins. Ingvi Þór Georgsson og Elma Björk Bjartmarsdóttir voru kjörin til tveggja ára á síðasta aðalfundi og sitja því áfram í stjórn.

Við þessi tímamót sagði Ásgeir Baldurs: „Ég kveð formannsembættið í Breiðablik með þakklæti og stolti. Það hefur verið mér mikill heiður að fá að leiða þetta stórkostlega félag og vinna með frábæru fólki. Breiðablik er stærsta og öflugasta félag landsins og ástæðan fyrir því er fólkið sem stendur að félaginu — starfsfólk, sjálfbóðaliðar og iðkendur.

Ég óska nýkjörnum formanni, Pétri Hrafn, innilega til hamingju og er sannfærður um að félagið muni halda áfram að vaxa og dafna undir hans stjórn og Tönju Tómasdóttur framkvæmdastjóra. Áfram Breiðablik!“

Nýr formaður félagsins, Pétur Hrafn Sigurðsson, þakkaði traustið á fundi-



Pétur Hrafn Sigurðsson, nýr formaður Breiðabliks.

num og sagði það mikinn heiður að taka við formennsku félagsins á þess um tímamótum.

„Breiðablik hefur vaxið hratt á undanföllum árum og nú er svo komið að aðstaða margra deilda er sprungin. Nauðsynlegt er að huga að uppbyggingu mannvirkja til að mæta áframhaldandi vexti félagsins.

Ég hlakka til að taka þátt í þeirri mikilvægu uppbyggingu í góðu samstarfi við Kópavogsbæ og allar deildir félagsins.“

## Hvað er í boði í bæjarstjórnarkosningum í Kópavogi?

Viltu heyra svör oddvita 7 framboða?

Velkomin á opin fund í **Safnaðarheimili Kópavogskirkju, Borgir, miðvikudaginn 13. maí kl. 17:00.**

Ábendingar bæjarbúa um mál sem óskað er eftir að sett verða á dagskrá fundarins má senda á netfangið [tryggvife@gmail.com](mailto:tryggvife@gmail.com) fyrir fundinn.

Þetta er opin fundur í boði félagsins Vinir Kópavogs.

[vinirkopavogs.is](http://vinirkopavogs.is) [vinirkopavogs.is](mailto:vinirkopavogs.is)



## BÓKASAFNIÐ

## Áhugaverðir viðburðir



Miðvikudaginn 13. maí býður Bókasafn Kópavogs gestum til tveggja ólíkra en áhugaverðra viðburða á aðalsafni.

Í hádeginu, kl. 12:15, verður fræðsluerindið Íslenskar lækningajurtir, söfnun þeirra, verkun og notkun þar sem Steinn Kárasón, garðyrkjumeistari og M.Sc. í umhverfisfræðum, fjallar um algengar íslenskar drykkjar- og lækningajurtir. Hann leiðbeinir um söfnun, verkun og notkun þeirra, þá veitir hann jafnframt tilsögn í að útbúa jurtate, grasaseyði og hvannasúpu og veitir innsýn í þróun og sögu grasalækninga og nýjar rannsóknir sem styðja reynslu forfedranna. Stíklað verður á stóru í sögulegu samhengi og áhersla lögð á sjálfbærni og virðingu við náttúruna. Viðburðurinn fer fram á 2. hæð aðalsafns.

Uppskeruhátíð sögustunda verður svo kl. 16:00 fyrir yngstu gestina þar

sem merkum áfanga í barnastarfi safnsins verður fagnað. Á síðasta ári hlaut Bókasafn Kópavogs styrk úr Barnamenningsráði fyrir verkefnið Töfraheimur ævintýranna og með honum voru skynjunarsögustundir fyrir börn á aldrinum 0-5 ára þróaðar. Nú hefur safnið boðið upp á opnar skynjunarsögustundir í heilt ár ásamt því að hafa tekið á móti fjölda leikskólabarna í hverri viku. Af því tilefni verður efnt til hátíðar þar sem rithöfundarnir Sigrún Eldjárn, Þorvaldur Davíð og Bergún Íris lesa upp úr bókum sínum fyrir yngstu börnin. Einnig verður boðið upp á fjölbreyttar smíðjur; teiknismíðju með Sigrúnu Eldjárn, sokkabréðusmíðju í tengslum við Sokkalabbana og vináttusmíðju byggða á bókum Bergrúnar Írisar, þar sem börn velja fyrir sér spurningunni „Hvað er vinátta?“ ýmist með myndum eða orðum. Þá verður haldin skynjunarsögustund og boðið upp á léttar veitingar. Viðburðurinn fer fram í barnadeild á 1. hæð aðalsafns.

Þá er í gangi spila- og púlskípti-markaður á aðalsafni þessa vikuna sem lýkur á laugardaginn, 16. maí. Um að gera að nýta tækifærið og skiptast á spilum og/edda púslum og njóta svo með vinum og fjölskyldu í sumar.



## ReSound Vivia

Fögnum náttúrulegri heyrn



**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

HLÍÐASMÁRI 19, 2 HÆÐ • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 534 9600

Visitor  
FERÐASKRIFSTOFA

BEINT FLUG

Í SUMAR  
**BORGAR FERÐIR**

Flug og gisting  
í 3 - 7 nætur  
**Vilnius frá 77.900**  
**Milano frá 84.900**  
**Budapest frá 99.100**

[www.visitor.is](http://www.visitor.is)

Við ætlum að tryggja  
að Kópavogur verði

# ÁFRAM Í SÓKN

með lífsgæði íbúa að leiðarljósi



Valið er skýrt!



KÓPAVOGUR

AÐSENT

## Blá svæði Kópavogs. Náttúru- og útivistarperla sem vert er að gefa gaum

Kópavogur býr yfir einstökum útivistarperlum frá fjöru til fjalla. Við þekkjum öll Bláfjöllin, Heiðmörkina og grænu svæðin í Fossvogsdal og Kópavogsdal, þar sem tækifæri eru til fjölbreyttrar útivistar allt árið um kring. En blá útivist? Hvað er það? Jú, við erum að horfa til hafsins sem umlykur landið okkar og Kársnesið, eitt elsta búsetusvæði Kópavogs, sem nú er í mikilli endurnýjun. Á Kársnesinu eru tvær hafnir, smábátahöfnin í Naustavör, þar sem Siglingafélagið Ýmir hefur aðstöðu og Kópavogshöfn, sem hefur verið skipulögð sem „yndishöfn“, líklega sú fyrsta á Íslandi. Auk þess er göngustígur með fjörunni allan Kársneshringinn, þar sem er að finna bæði leiksvæði, merktar söguminjar og það nýjasta er fargufan Litla Sauna Húsið í Vestur-



Jón Pálsson, formaður Siglingafélagsins Ýmis.

vör. Siglingafélagið Ýmir heldur úti fjölbreyttu útivistarstarfi allt árið um kring, sem kjarnast um barna- og unglingsstarfið á sumrin í samstarfi við Kópavogsbæ. Einnig stundar fjöldi félagsmanna siglingar á kajökum, róðrabátum, kænum og kjölbátum. Ekki er nauðsynlegt að eiga bát til þess að taka þátt í starfinu. Gegn hóflegu gjaldi og að lokinni grunnfræðslu sem við höldum úti fyrir alla aldursflokka er mögulegt að komast á sjóinn. Með tilkomu Fossvogsbrúar stefnir Ýmir að því að efla starf á minni bátum og viðhalda barna- og unglingsstarfinu innan brúar og byggja upp skútusiglingar frá Kópavogshöfn, en Skerjafjörðurinn frá Álftanesi að Seltjarnarnesi er fjölbreyttur og skemmtilegur til allskyns blárrar útiveru.

Við hvetjum alla Kópavogsbúa til að kynna sér tækifæri til blárrar útivistar.

Á fimmtudögum klukkan 17:00-20:00 og á laugardögum frá 10:00-14:00 eru opnar félagsæfingar Ýmis þar sem allir eru velkomnir í kaffi, spjall og siglingar.

FORVÖRN

## Hjálma- afhending Kiwanis-klúbbsins Eldeyjar

Kiwanisklúbburinn Eldey heldur áfram sínu góða forvarmarstarfi með afhendingu reiðhjólahljáma til barna. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við Eimskip, sem lagði sitt af mörkum til að auka öryggi barna í umferðinni.



Markmiðið er einfalt en mikilvægt: að hvetja börn til að nota hjálm og auka öryggi þeirra í daglegu lífi. Verkefnið hefur staðið yfir í yfir 20 ár

en á þessu ári mun Eldey afhenda yfir 540 hjálma til allra skóla í Kópavogi.



# Siglinganámskeið Ýmis 2026

Siglingar eru íþrótt og útivist fyrir börn, unglinga og fullorðna á öllum aldri. Allir geta tekið þátt og lært að beisla vindinn og umgangst sjóinn af öryggi og kunnáttu. Skráning á öllum námskeiðum er á sportabler: <https://www.sportabler.com/shop/siglingafelagid>.

### Kæunámskeið

#### Leikur við sjóinn

Sívinsæl leikjanámskeið fyrir börn sem hafa haft litla eða enga snertingu við sjóinn. Við nálgumst sjóinn á árabátum, kajökum og litlum seglbátum í leikjum sem kenna öryggi og virðingu fyrir sjónum, en fyrst og fremst er áherslan á gleðina. Hvert námskeið er vikulangt og eru á morgnana frá 9:00-12:00. Þetta námskeið Ýmis er mörgum minnisstætt sem hluti af bestu sumrum æskunnar, enda hafa þau verið í gangi frá stofnun félagsins.

#### Lærðu að sigla

Vikunámskeið þar sem kennd eru fyrstu skrefin í siglingum á seglbátum. Námskeið fyrir börn eru frá kl. 13:00 - 16:00. Námskeið án aldurstakmarkana (fyrir fullorðna) eru frá kl. 17:00 - 20:00. Námskeiðið er byggt á kennsluskra frá World Sailing. Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að kunna að sjósetja bát og geta stýrt og siglt í litlum til miðlungs vindi.

#### Framhaldsnámskeið

Vikunámskeið sem tekur við af „Lærðu að sigla“. Námskeið fyrir börn eru frá kl. 13:00 - 16:00. Námskeið án aldurstakmarkana (fyrir fullorðna) eru frá

kl. 17:00 - 20:00. Við erum öll á mismunandi stað þegar við erum að byrja að stunda siglingar og stundum vantar okkur fyrst og fremst tilefni til þess að mæta og reyna betur. Hér hitta siglingakennarar okkar þig á þeim stað sem þú ert og finna viðeigandi áskorun sem kemur þér upp um eitt stig í færni. Markmiðið með verkefnunum er að þátttakendur treysti sér til þess að fara út á góðum dögum af öryggi.

#### Æfingahópur

Þetta er vettvangur þeirra sem hafa náð grunntökum á siglingum og langar til þess að nota siglingar reglulega til útivistar og íþróttaiðkunar. Tilgangurinn er fyrst og fremst að auka færni, en þetta getur þýtt innanhóps keppnir, lengri siglingaferðir eða skemtri æfingar. Æfingahópurinn hittist tvisvar til þrisvar í viku yfir sumarið, en starfið heldur áfram út veturinn.

#### Kjölbátanámskeið

##### Kjölbátur

Námskeið þar sem siglingar eru kenndar á minni kjölbáta félagsins, sem siglt er á Fossvoginum og úti á Skerjafirðinum. Litlir kjölbátar hafa þann kost að þeir geta ekki oltið, en þann galla að þeir geta strandað. Að öðru leyti eru þeir eins og kænur. Framboð á námskeiðum takmarkast af fjölda báta og fjölda kennara sem við höfum tiltæka til

þess að sinna þessu verkefni. Sökum þunga bátanna eru þessi námskeið eingöngu opin þátttakendum eldri en 18 ára. Á námskeiðunum hittast 3-5 þátttakendur og sigla að jafnaði tvisvar í viku. Miðað er við að námskeiði sé fjórar vikur. Markmiðið námskeiðsins er að þátttakendur treysti sér til þess að fara út á litlu kjölbátum félagsins í góðu veðri á opnum dögum.

#### Hæfur háseti

Þriggja daga námskeið fyrir þá sem hafa litla eða enga reynslu í siglingum á kjölbátum á opnu hafi. Þetta námskeið er kennt á stærri kjölbátum félagsins sem siglt er frá Ingólfsgarði og út á Kollafjörð. Námskeiðin eru haldin yfir helgi og tekur hver sigling 4-6 klst. Námskeiðið er ætlað fullorðnum. Þessi námskeið eru hugsuð sem inngangsskilyrði fyrir áhafnasiglingar hjá Ými, en er líka nauðsynlegur grunnur fyrir þá sem ætla sér að taka verklegan hluta réttinda til skipsstjórnar á skemmtibátum. Framboð á námskeiðum takmarkast af fjölda kennara sem við höfum tiltæka til þess að sinna þessu verkefni. Við biðjum áhugasama um að skrá áhuga á svæði kjölbátahópsins á vefsíðu félagsins.

#### Áhafnarsiglingar

Þetta er vettvangur þeirra sem hafa lokið námskeiðinu „Hæfur háseti“, eða hafa

svipaða reynslu af siglingum en vantar bát og félagsskap. Félagar í föstum áhöfnum fá tækifæri til að sigla vikulega með reyndum skipstjóra frá byrjun maí til loka október. Það má því búast við 12-16 stuttum siglingum á tímabilinu. Áhafnirnar eru:

Mánudagar: Kvennaáhöfn.

Þriðjudagar: Keppnisáhöfn.

Miðvikudagar og fimmtudagar:

Blandaðar áhafnir.

Einnig er hægt er að skrá sig í opnar áhafnir. Í opnum áhöfnum er ekki tryggt að viðkomandi komist í siglingar á ákveðnum dögum, en lausum sætum er úthlutað til þeirra.



Abler síða Ýmis



Heimasíða Ýmis

## Siglum í sumar!

### Nýjungar 2026 - róður og brettasport

#### Kappróður - coastal rowing

Ýmir er kominn með einn veggja manna Coastal Rowing bát, sem er ný gerð kappróðrabáta, sem verður Ólympísk keppnisgrein 2028 í Los Angeles. Lara Di Stefano og Steve Shema munu í sumar standa fyrir kennslu og æfingum á kappróðrabátum Vogun, sem er nýr hjá okkur. Við sjáum fyrir okkur að kappróðrarstarf eigi eftir að eflast mjög á næstu misserum, og ætlar Ýmir að taka virkan þátt í þeirri þróun.

#### Blævangir - Wing foiling

Wing foiling er sport, sem er að vaxa fiskur um hrygg um allan heim. Við erum að hefja starf í þessu sporti hjá Ými. Hjörtur Eiríksson, Geir Sverrisson og Jón Pálsson munu standa fyrir fræðslu og æfingum í þessari nýju grein. Við byrjum að æfa okkur á SUP brettum með væng og færur okkur síðan hægt og bitandi á foil bretti.

### Opnar klubbæfingar Ýmis

Alla fimmtudaga klukkan 17:00-20:00 og alla laugardaga klukkan 10:00-14:00 munu vera opnar klubbæfingar hjá Ými fyrir alla félagsmenn og gesti. Kaffi á könnunni, spjall og sjósport. Tilvalið fyrir fjölskyldur barnanna, sem eru á námskeiðum okkar í sumar og alla sem vilja kynna sér starfið.

### Bátaleiga laugardaga og sunnudaga

Við stefnum að því að bjóða gestum og gangandi að leigja báta og búnað og fara á sjó undir eftirliti starfsmanna okkar á laugardögum og á laugardögum eftir klubbæfinguna og á sunnudögum í sumar. Nánar auglýst síðar.

Heimsækið okkur á heimasíðu félagsins (<https://www.siglingafelag.is/>), eða á opnum dögum í allt sumar.

Siglingafélagið Ýmir | [siglingafelag.is](https://www.siglingafelag.is/) | [siglingafelag@siglingafelag.is](mailto:siglingafelag@siglingafelag.is) | [www.sportabler.com/shop/siglingafelagid](https://www.sportabler.com/shop/siglingafelagid)

XC

Viðreisn

Kópavogi

# Áskoranir unga fólksins

**M**aríu Ellen Steingrimsdóttur mætti best lýsa sem atorku-mikilli ungri konu sem situr ekki á skoðunum sínum. Hún varð þrítug síðasta haust og býr með eiginmanni sínum, Valgeiri Daða Valgeirssyni, og tveggja og hálfis árs syni þeirra á Kársnesinu í Kópavogi. Hún er lögfræðingur að mennt frá Háskólanum í Reykjavík og starfar sem slíkur í stjórnsýslunni.

Hún lýsir sjálfri sér sem mjög venjulegri manneskju og segir stærstan hluta venjulegs dags fara í að samræma fjölskyldulíf, vinnu og allt það sem fylgir venjulegu lífi.

„Ég held að það sé einmitt ástæðan fyrir því að ég fór út í pólitík, af því ég þekki áskoranirnar sem ungt fólk stendur frammi fyrir í daglegu lífi. Það er líka einmitt þar sem mér þykir pólitíkin í



María Ellen Steingrimsdóttir  
Oddviti Viðreisnar í Kópavogi

Kópavogi hafa misst taumana. Það er ekki verið að byggja fyrir ungt fólk, þ.e. minni íbúðir á viðráðanlegu verði, við

sítjum uppi með hæstu leikskólagjöld á Íslandi, það vantar stuðning fyrir börnin okkar inn í grunnskólana og við erum með börn á biðlistum eftir nauðsynlegri þjónustu í velferðarkerfinu okkar.“

María segir eigin reynslu hafa mótað sig mikið. Hún ólst upp hjá móður sinni með nokkuð eldri systur sínum og lærði snemma mikilvægi þess að leggja hart að sér og standa á eigin fótum. Þá missti hún föður sinn aðeins 22 ára gömul, reynsla sem kenndi henni að lífið getur breyst á augabragði og að mikilvægt sé að nýta tímann vel og leggja sitt af mörkum þar sem maður getur. „Pabbi minn hafði mikil áhrif á mig. Hann var lögmaður og kveikti áhuga minn á lögfræðinni. Þegar ég var yngri fórum við mikið saman í veiði og ég held enn fast í það í dag. Það er eitthvað við íslenska náttúru, kyrrðina og samveruna sem hjálpar manni að jarðtengja sig.“

Fjölskyldan skiptir Maríu miklu máli og hún segir eigin reynslu af ófrjósemi hafa breytt sýn sinni á samfélagið og mikilvægi stuðningskerfa.

„Það fer enginn alveg ósnortinn í gegnum þannig reynslu. Hún kenndi mér margt um þrautseigju, samkennd og hvað það skiptir miklu máli að sam-



María Ellen Steingrimsdóttir og fjölskylda.

félagið mæti fólki af skilningi. Við hjónin höfum verið mjög opin með okkar ófrjósemisvegferð í þeirri von um að hún vekji von hjá einhverjum sem standa í sambærilegum sporum og við gerðum.“

Þegar fjölskyldan fær tækifæri reynir hún að verja tíma saman úti en minni herramaðurinn á heimilinu unir sér vel á rólo og reyna þau að heimsækja sem flesta. Þá eru útilegur eru stór hluti af sumrunum þeirra. „Uppáhalds hluturinn minn er hreinlega tjaldíð mitt, það er alveg sturlað, með algjöri myrkvun í svefnrými og stóru alrymi. Það er fátt betra en að spila og sötra búbbur þar inni með galoopið út á íslensku sumarkvöldi.“

Aðspurð um stefnu flokksins í komandi kosningum og hvað Viðreisn í Kópavogi hefur að bjóða uppá segir María Ellen að það sé kominn tími á nýja sýn og nýjar áherslur í Kópavogsbæ.

„Við ætlum að setja fjölskyldur og þarfir þeirra í forgang, bæta þjónustu við börn og ungmenni, vanda betur til opinberra framkvæmda og leggja áherslu á að rekstur bæjarins standi undir sér til framtíðar. Eins og flest heimili finna fyrir þarf að sýna ráðdeild í rekstrinum og velta því fyrir sér hvernig farið er með fjármagnið. Þetta er jú fjármagn bæjarbúa og okkur ber skylda til að fara vel með það.“

# Það er gott að vera kominn heim

**M**argir þekkja Stellu úr bóka-búðinni í Hamraborg en aðrir muna eftir henni frá göngum Snælandsskóla. Ég man einfaldlega eftir henni sem ömmu.

Stella amma var sanngjörn og mál-efnaleg, hún fór ekki í manninn nema kannski í undantekningartilfellum. Hún bauð öllum upp á hákarl og brennivín alveg sama hvaða flokki þau voru í og tók samtalið. Þannig á það að vera. Við ræðum málefni og förum ekki í manninn.

Hún var af kynslóð sem breytti Íslandi, breytti Kópavogi. Kynslóð sem barðist með kjafti og klóm fyrir þeim réttindum sem við tökum sem sjálfsgöðum hlut í dag.

Þó að frjálslyndispésinn ég og kominn hún amma höfum verið ósammála um ýmislegt þá vorum við sammála um það sem skipti máli. Þannig á það að vera.

Ég er fjórðu kynslóðar Kópavogsbúi og sterk tengsl mín við bæinn móta sýn mína á hvernig ég vil sjá bæinn

okkar þróast. Hér hafa kynslóðir fjölskyldu minnar lífað, unnið og lagt sitt af mörkum til bæjarfélagsins, og ég vil taka virkan þátt í að móta næstu kafla í sögu bæjarins. Ég bý nú í Hvömmunum ásamt manningum mínum, Helga Snæ Ómarssyni og hundinum okkar, Noel Mána.

Kópavogur stendur á tímamótum. Bærinn hefur vaxið hratt, samfélagið breyst og þarfir íbúa þróast. Það kallar á skýra framtíðarsýn, ábyrga forgangsröðun og forrystu sem hlustar, tekur samtíð og veigar sér ekki við taka ákvarðanir.

Ungt fólk er stór og vaxandi hluti Kópavogs og það er mikilvægt að rödd ungs fólks heyrist mun skýrar og þeirra áherslur fái hljómgrunn öllum bæjarbúum til hagsbóta.

Mér er sérstaklega annst um að styrkja samfélagið í Kópavogi. Styrkja hverfin og nýta grænu svæðin okkar með ásetningi. Leggja áherslu á að við getum með stolti sagt að við séum Kópavogsbúar, hvort sem við erum á Kársnesinu eða í efri byggðum. Að við finnum til



Pétur Björgvin ásamt Helga Snæ Ómarssyni.

gleði, samstöðu og öryggis. Þetta á nefnilega líka að vera gaman.

Sveitarstjórnarmál snúast um fólk, nærþjónustuna og litlu hlutina sem skipta öllu máli. Við eigum að vinna þessi verkefni af jákvæðni, gleði og trú á að saman getum við gert þetta svo miklu betur. Síðustu vikur hef átt ótal samtöl við íbúa bæjarins. Það sem fólk nefnir helst er að það sé skortur á samtali við íbúa. Að gjáin milli stjórnkerfisins og fólksins sé of breið.

Mér þykir vænt um samfélagið mitt

í Kópavogi. Hér mæti ég bæjarbúum á hverjum degi þegar við Noel förum út í okkar fjölmörgu göngutúra. Hér eru börn úti að leik í hverju hverfi og fjölskyldur sem treysta samfélaginu til að taka þátt í að halda utan um þau og halda þeim öryggjum. Það er ekki sjálfgefið og það er sú framtíð sem ég vil eiga þátt í að móta.

Viðreisn stendur fyrir framsýni, frjálslyndi og vönduð vinnubrögð. Við látum verkin tala og það mun ég svo sannarlega gera.

VIÐREISN

Settu X við C  
16. maí

XC

# Brostnar vonir í Kópavogi

Börn og ungmenni skipta mig gríðarlega miklu máli. Ég hef unnið í skólakerfinu í yfir 20 ár. Ég hef séð foreldra vera í vandræðum með að kerfið grípi þau. Ég hef séð börn á bið eftir úrræðum í marga mánuði eða ár. Ég hef séð bugaða foreldra sem vita ekki hvað þau eiga að gera.

Stór hluti af vandanum er kerfislægur og sveitarfélög og ríkið bera ábyrgð. Hlutverk sveitarfélaga er að gera foreldrum kleift að fá nauðsynlega þjónustu fyrir barnið sitt. Hvort sem það snýr að velferðarþjónustu eða viðunandi námsumhverfi í skólanum.

Samstarfsmenn sem þekka mig vel hafa sagt við mig að við erum að gera okkar besta í þeim aðstæðum sem við ráðum við. Það svar dugar mér ekki. Mér finnst ekki rétt að sætta mig við að við séum að gera okkar besta miðað við hverju er hægt að breyta. Þetta er einungis einn angur af grunnþjónustu sem þarf að gera betur.

## „Chill out“ svæði mikilvægara en grunnþjónusta bæjarins

Þegar frétt um nýja menningarmiðstöð í Vetrargarðinum í Smáralind var tilkynnt fyrir einhverjum vikum síðan verð ég að



Sigrún Ólöf Ingólfssdóttir, skólastjóri og situr í 4. sæti lista Viðreisnar í Kópavogi.

viðurkenna að ég varð hálf miður mín. Ekki vegna þess að ég vil ekki fá menningarmiðstöð í bæinn okkar heldur vegna þess að grunnþjónusta við íbúa bæjarins er ekki nægilega góð.

Á meðan beðið er eftir fjármagni fyrir

lögbundna grunnþjónustu er á sama tíma auðvelt að henda milljónum fram úr erminni til að gera leigusamning við Smáralindina til að byggja þar upp menningarmiðstöð.

Út á við lítur allt vel út hjá Kópavogsbæ, en þegar skoðað er bak við tjöldin blasir önnur mynd við. Forgangsröðun verkefna er röng.

## Börn á bið eftir nauðsynlegri þjónustu

Foreldrar sem sækja um sértækt skólaúrræði eða pláss í sérdeildum vita nánast fyrirfram að líkurnar á að fá pláss eru litlar. Stærstum hluta barna er hafnað. Dæmi eru um að aðeins eitt pláss sé laust í sérdeild á heilu skólaári.

Við erum með fjölskyldur sem eru að biða eftir úrræðum frá barnavernd mánuðum saman. Á meðan safnast mál upp hjá starfsfólki sem þegar eru með mál í tugatali á sinni könnu. Þegar mál loksins opnast tekur önnur bið við, bið eftir ráðgjöf, námskeiðum eða öðrum úrræðum til stuðnings.

Engin eða takmörkuð úrræði virðast vera til staðar í bænum fyrir börn og ungmenni í áhættuhegðun eða þau sem eru með geðrænan vanda eða fíknivanda. Það þarf að leita út fyrir bæinn og þar tekur næsta bið við. Þetta er veruleiki barna og fjölskyldna sem þurfa tafarlausan stuðning.

## Fatlaðir einstaklingar og langveik börn sitja eftir

Kópavogsbær gefur sig út fyrir að þjónusta við fatlað fólk sé veitt á grundvelli laga og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, en er það svo?

Foreldrar langveikra barna þurfa að berjast fyrir því að börnin þeirra fái þjónustu Kópavogsbæjar sem þau nauðsynlega þurfa.

Við erum með börn sem eru að biða eftir stuðningsþjónustu eða liðveislu. Fyrst þarf að fá samþykki fyrir stuðningsþjónustu og næst þarf að finna aðila til að sinna þjónustunni. Þegar rétti aðilinn er fundinn þarf að biða eftir fjármagni í heilt ár. Fyrir nokkrum mánuðum voru yfir 100 börn á biðlista eftir liðveislu í Kópavogi.

Fullorðinn einstaklingur, Kópavogsbúi, sem býr í öðru sveitarfélagi langar að flytja aftur í sinn heimabæ. Sá aðili veigir sér við að flytja aftur „heim“ af ótta við að missa þjónustuna. Fullorðnir fatlaðir einstaklingar lýsa velferðarkerfi bæjarins sem kerfi sem er í lamasessi.

Mikil vöntun er á sértæku búsetuúrræðu fyrir fatlað fólk í Kópavogi. Umsækjendur búa við langvarandi óvissu og eru á biðlistum árum saman eða í áratug án þess að fá upplýsingar um biðtíma eftir húsnæði. Samkvæmt lögum ber Kópavogsbær að upplýsa umsækjendur um stöðu mála og hvenær áætlað er að viðkomandi fái búsetu og þjónustu við hæfi. Því miður hefur Kópavogsbær hunsað þær lögbundnu skyldur sínar og á sama tíma eru það aðstandendur sem sinna öllum stuðningsþörfum viðkomandi og oft með tilheyrandi álagi.

## Eldri íbúar bæjarins

Íbúar Kópavogs sem hafa búið hér í áratugi eiga að geta treyst því að fá þjónustu við hæfi þegar þeir komast á efri ár. Einstaklingur sem hefur verið hraustur lengi en fer síðan að hraka á ekki að þurfa að sitja heima og biða eftir

úrræðum heldur þarf að fá þjónustu sem fyrst.

Einmanaleiki er raunveruleg áskorun hjá eldri íbúum bæjarins. Margir missa maka og vini og standa eftir einir. Þess vegna er brýnt að efla heimastuðning og dagdvöl svo fólk fái félagslegan stuðning og innihaldsríkan dag. Það er ekki ásættanlegt að eldri borgarar þurfi að biða mánuðum saman eftir dagdvöl, eins og staðan er í dag. Með því að tryggja aðgengi að slíkum úrræðum getum við stutt við lífsgæði, heilsu og lífsgleði og jafnvel lengt lífið.

Eldra fólk hefur lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Það á skilið að fá þjónustu þegar þörfin er til staðar ekki mánuðum eða árum síðar. Þá gæti tími þeirra einfaldlega verið liðinn.

## Glæstar vonir eða brostnar vonir fyrir íbúa bæjarins

Glæstar vonir eru ekki einkenni Kópavogsbæjar fyrir þá íbúa sem þurfa á grunnþjónustu að halda. Eins og staðan er í dag upplifa þeir brostnar vonir. Frambjóðendur á lista Viðreisnar í Kópavogi eiga það sameiginlegt að þau geta ekki lengur horft upp á þetta viðgangast.

Viðreisn vill sveitarfélag sem stendur með öllum íbúum. Við þurfum að búa Kópavog sem bæ þar sem börn og fjölskyldur þeirra fá þá þjónustu sem þau þurfa og biðin sé ekki svona löng. Við viljum að einstaklingar með fatlanir geta tekið virkan þátt í samfélaginu án hindrana og eldri íbúar bæjarins fengið þá þjónustu sem þeir þurfa, þegar á þarf að halda.

Kópavogur á að vera fyrir alla, ekki bara suma.

# Jákvæðir leiðtogar

Hver sem hefur nokkurn tímann sparkað í bolta í Kópavogi ætti að þekka Arnar Grétarsson. Arnar hefur verið áberandi í íslenskum fótbolta í áratugi, bæði sem leikmaður, þjálfari og stjórnandi. Nú býður hann sig fram fyrir Viðreisn í Kópavogi og segir reynsluna úr íþróttunum hafa mótað sýn sína á leiðtogahlutverk, samstarf og samfélag.

Arnar ólst upp í Kópavogi þar sem hann gekk til liðs við Breiðablik ungar að árum. Ferillinn hófst snemma og aðeins sautján ára gamall fór hann til Glasgow Rangers þar sem hann lék með varaliði félagsins. Síðar varð hann lykilmaður hjá Breiðabliki áður en atvinnumennskan tók við. Fyrir íslenska landsliðið spilaði hann 72 A-landsleiki á árunum 1991 til 2004 og gerði aðri betur.

Það sem vekur þó ekki síður athygli er hversu fjölbreyttur ferill Arnars hefur verið utan vallar. Hann lauk BSc-prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 2004 og skrifaði lokaritgerð um fjár-



Arnar Grétarsson, fyrrverandi knattspyrnumaður og þjálfari.

hagslega stjórnun evrópskra knattspyrnufélaga. Síðar starfaði hann meðal annars sem fjármálaráðgjafi hjá Landsbankanum, tæknistjóri hjá AEK Apenu og yfirmaður knattspyrnumála hjá Club Brugge í Belgíu.

Arnar segir að þessi reynsla hafi kennt sér mikilvægi skipulags, ábyrgðar og góðra samskipta. Í bæði boltanum og pólitíkinni segir hann að sé mikilvægt að kunna að hlusta og spila í liði, bera virðingu fyrir andstæðingnum og kunna að leita lausna í stað þess að velta sér endalaust upp úr vandamálunum.

Sem þjálfari hefur hann stýrt Breiðabliki, KA, Val og Fylki, auk þess að hafa þjálfað í Belgíu. Hann hefur unnið bikarmeistararitla bæði sem leikmaður og þjálfari og farið í gegnum bæði meðbyr og mótlæti sem fylgir því að leiða stór lið. Sú reynsla hefur að hans mati kennt sér að árangur næst aðeins með samstilltu átaki.

Þrátt fyrir árin erlendis hefur Kópavogur alltaf verið hans heimavöllur og hugurinn alltaf leitað heim. Hann talar gjarnan um mikilvægi íþróttar- og æskulýðsstarfs og hvernig sterkt samfélag geti skapað börnum og fjölskyldum tækifæri til að blómstra. Áhersla á lýðheilsu elstu og yngstu íbúa bæjarins er hans hjartans mál, enda séð hvað það skiptir miklu máli fyrir samfélagið allt þegar þessum hlutum er sinnt af metnaði og alúð.



Lýðheilsa og virk þátttaka skapar leiðtoga, og jákvæðir leiðtogar, á öllum aldri, skipta okkur gríðarlegu máli þegar horft er á stærstu áskoranir sem nútímasamfélag þarf að takast á við. En fyrir Arnar

snýst leiðtogahlutverk ekki um hávær loforð heldur um að byggja upp traust, vinna saman og skapa lífsheild, hvort sem það er inni á knattspyrnuvelli eða í samfélaginu sjálfu.

# Fjölskyldan í forgangi

# Stöndum með unga fólkinu í Kópavogi

Á síðustu vikum og mánuðum hef ég hitt fjölda íbúa sem segja sömu sögu: það er orðið of erfitt fyrir ungt fólk að koma sér þaki yfir höfuðið. Þetta er ekki tilfinning, heldur staðreynd sem öll gögn styðja.

Samkvæmt greiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) er ljóst að þörfin fyrir fjölbreytt og hagkvæmt húsnæði fer vaxandi, sérstaklega fyrir ungt fólk og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á

markaði og það er á okkar ábyrgð að bregðast við því hér í Kópavogi.

## Hljóð og mynd fer ekki saman

Ef við rýnum í gögnin og horfum á staðreyndirnar þá má sjá að í dag eru 410 Kópavogsbúar á biðlista eftir leiguíbúð hjá Bjargi. Þetta er eftirspurn frá raunverulegu fólki. Á sama tíma sýnir húsnæðisáætlun Kópavogs allt aðra mynd. Þar er gefið í skyn að þörfin



Elvar Bjarki Helgason, skippar 5. sæti á lista Viðreisnar í Kópavogi

fyrir almennar leiguíbúðir fyrir tekju- og eignalága sé nánast engin, jafnvel aðeins örfáar íbúðir á næstu árum.

Þegar 410 manns eru á biðlista en áætlunin gefur til kynna að þörfin sé vart til staðar, þá er eitthvað verulega að. Áður hefur verið bent á að húsnæðisáætlun Kópavogs endurspegli ekki raunverulega stöðu og skortur á gögnum og forsendum grafi undan niðurstöðum hennar. Sú gagnrýni á fullan rétt á sér.

Ef við bætum við gögn HMS verður myndin enn skýrari, framundan er veruleg íbúðabörf, sérstaklega í minni og hagkvæmari íbúðum sem henta ungu fólki og fyrstu kaupendum. Þrátt fyrir þetta ákvað meirihlutinn að hafna umsókn Bjargs íbúðafélags um stofnframlag vegna uppbyggingar 24 íbúða við Hallarharv. Sú ákvörðun er ekki bara umdeilanleg hún er í beinni mótsögn við eigin stefnu meirihlutans en í málefнасáttmála Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er skýrt kveðið á um að skapa eigi svigrúm fyrir óhagnaðardrífni byggingarfélög, hlutdeildarlán og námsmannaíbúðir.

## Nákvæmlega sá hópur sem við eigum að standa með

Hlutverk óhagnaðardrifa leigufélaga er ekki að hámarka arð heldur að tryggja fólki öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði. Þetta eru lausnir fyrir fólk sem vinnur, greiðir sín gjöld en kemst ekki inn á markaðinn. Við erum ekki að bregðast við raunverulegri eftirspurn heldur taka ákvarðanir sem gera stöðuna verri fyrir ungt fólk og fjölskyldur í bænum.

Við eigum að:

- Styðja óhagnaðardrífni leigufélög
- Innleiða raunverulega uppbyggingu hlutdeildarlána
- Setja skýrar kröfur um fjölbreytt húsnæði í nýjum hverfum

Kópavogur á ekki að vera bær þar sem fólk lendir á biðlista á meðan áætlunar segja að vandinn sé ekki til. Kópavogur á að vera bær sem hlustar, skilur og framkvæmir.

# Styðjum betur við börn í Kópavogi

Það er gott að búa í Kópavogi, en margt má þó bæta. Aðstoð við börn með taugafjölbreytileika (ADHD, einhverfa og lesblindu) er verulega ábótavant. Það þarf að mæta börnum strax sem upplifa vanlíðan, eiga erfitt með nám eða eru utanvelta í þeirra nærumhverfi, og koma þannig í veg fyrir að þau flosni upp úr námi og einangrist félagslega. Eins og staðan

er núna þurfa foreldrar þessara barna að sækja aðstoð fyrir þau utan skólans á vinnutíma, sem er gríðarlega kostnaðarsamt og eykur álag á vinnandi fólk.

## Sálfræðiþjónusta og talmeinaþjónusta ekki í boði fyrir börn í Kópavogi

Börn í Kópavogi hafa almennt ekki aðgang að þjónustu talmeinafræð-

inga á vegum Kópavogsbæjar, og þar með innan veggja leikskóla eða skóla, nema vandinn sé „minni háttar.“ Í flestum tilfellum þurfa foreldrar því að sækja um að komast að hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum en bið eftir slíkri þjónustu getur verið mörg ár. Slík þjónusta er yfirleitt einungis í boði á dagvinnutíma sem eins og fyrr segir eykur álag á foreldra.

Börn í Kópavogi hafa heldur ekki aðgang að sálfræðiþjónustu í skólum. Sálfræðingar á vegum Kópavogsbæjar gera forgreiningar á börnum með grun um ADHD eða einhverfu, en eftir forgreining er komin fara börnin á biðlista hjá geðheilsumiðstöð barna sem er nú um þrjú ár. Á meðan á þessari bið stendur, og eftir að greining er komin, fá börnin okkar enga aðstoð innan veggja skólans. Börn með taugafjölbreytileika og kvíða þurfa mörg hver á þjónustu sálfræðinga að halda og aðstoð með félagsfærni.

## Fjárfestum í framtíð barnanna okkar

Ég trúi því að ef börn eru gripin strax í leikskóla eða á fyrstu árum grunnskólagöngu er oft hægt að koma í veg fyrir vandamál sem tengjast vanlíðan seinna meir, svo sem félagslega einangrun eða vímuefnanotkun. Við þurfum að fjárfesta í framtíð barnanna okkar.

Við þurfum að bjóða upp á ókeypis sálfræðiþjónustu, félagsfærnikennslu og talmeinaþjónustu innan skóla og efla fræðslu fyrir bæði kennara og nemendur um taugafjölbreytileika til að auka skilning. Börnum með taugafjölbreytileika eru allir vegir færir ef að réttu tólin eru til staðar.

Það þarf að forgangsráða fjármunum, og ættu börnin okkar alltaf að koma fyrst. Það að eyða mörgum milljónum í gæluverkefni í Smáralind meðan börnin okkar fá ekki þá aðstoð sem þau þurfa er galið.



Ester Halldórsdóttir, varapingmaður Viðreisnar í suðvesturkjördæmi.

# Kosninga kaffi 16. maí kl. 10-16



# Styttum biðlista



# Velkomin á næsta biðlista

Við í Viðreisn í Kópavogi höfum sett það á stefnuskrá okkar að finna leiðir til að minnka biðtíma eftir hinum ýmsu úrræðum fyrir börn með fjölpættan vanda. Eg þekki það vel af eigin reynslu hvernig það er að eiga barn á biðlista enda á ég nú börn á hinum ýmsu biðlistum. Síðastliðin fimm árin höfum við mætt á óteljandi teymisfundum, rætt við sálfræðinga, iðjuþjálfra, sjúkraþjálfra, lækna og fleiri á meðan barnið mitt fékk frumgreiningu og var sett á biðlista. Núna í byrjun mars fengum við síðan greiningu eftir að hafa verið á biðlista eftir þeirri greiningu í 38 mánuði. Þar áður höfðum við verið

sett á biðlista eftir sálfræðing, beðið eftir skoðunum, pælingum og athugunum á ýmsum stöðum og ýmsum tímamótum og því komin ansi löng og mikil reynsla af biðlistum.

## Hvað tekur svo við?

Jú einmitt fleiri biðlistar, núna erum við á biðlista eftir fjórum mismunandi þjónustuleiðum nauðsynlegum sökum greininga barnsins, eitthvað sem ég átti kannski síður von á enda biðin eftir greiningunni ein og sér orðin ansi löng og bjóst ég ekki við því að biða að auki eftir hinum ýmsu úrræðum og stuðning. Jú svo á ég fleiri börn og þar sem greiningar eru erfanlegar



Irpa Fönn Hlynisdóttir, framkvæmdastjóri.

eru miklar líkur á því að systkini gætu mögulega þurft á einhvers konar greiningarferli eða athugunum að

halda og hvað haldið þið, við vorum að hefja greiningarferli hjá næsta barni.

Mig kviðir fyrir óvissunni og biðlistunum sem nú taka við enda finnst mér þeir alveg nógu margir. Því miður er það svo að börnin mín og við fjölskyldan erum á þessum biðlistum af ástæðu og ekki vegna þess að við gætum mögulega kannski þurft á þessari þjónustu að halda seinna meir. Það er engum akkur í því að börn biði á biðlistum og allra síst þeim sjálfum, þegar barn er mætt á biðlista er það vegna þess að barnið þarf svör, aðstoð og umönnun sem ekki fæst án þess sem verið er að biða eftir hverju sinni.

Svo ég tali fyrir mitt leyti og þykist vita að margir foreldrar eru mér sammála þá eru þessir biðlistar og þessi óvissa rosalega slítandi. Nú stend ég frammi fyrir því verkefni að segja barninu mínu frá fullnaðargreiningu þess en ég velti því stundum fyrir mér hverju það mun breyta að segja „svona virkar þú“. Við erum nú þegar taugafjölbreytt heimili og meðan biðlistarnir eru þetta langir sé

ég ekki alveg hvað það hefur upp á sig að segja barninu mínu frá því að það sé biðlistabarn mætt á enn annan listann en engar áhyggjur systkini þín eru þar líka, allir saman á botnlausum biðlistum.

## Innantóm loforð eða raunverulegar breytingar?

Ég er orðin langþreytt á endalausum loforðum þar sem þau virðast leiða fátt af sér sem áþreifanlegt er í raun enda er staðreyndin sú að enn eru biðlistarnir að lengjast.

Það sem þarf fyrir raunverulegar breytingar er viljinn að verki, ábyrgð í fjármálum og forgangsröðun verkefna og skilningur á aðstæðum sem er einmitt ástæða þess að ég er ekki bara stolt af því að skipa sæti á lista Viðreisnar og hafa fengið að taka þátt í að móta stefnuskrá sem við erum stolt af heldur hef ég leyft mér að vera spennt fyrir möguleikanum á raunverulegum breytingum í stað endalausra innantómra loforða sem gera fátt annað en að líta vel út á blaði.

# Fjárfestum í forvörnum

Ég heiti Bryndís Rut Logadóttir og skipa 6. sæti Viðreisnar í Kópavogi fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Ég er 46 ára þriggja barna móðir og er hjúkrunarfræðingur að mennt. Ég hef búið í Kópavogi í 20 ár en er fædd og uppalin á Akranesi. Fyrstu 11 árin í Kópavogi bjuggum við í efri byggðum en fluttumst síðan á Digranesið þar sem við búum nú. Mér finnst yndislegt að búa í Kópavogi. Hér eru fullt af möguleikum til tólmstunda og bærinn liggur

miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Hér má sækja alla verslun og þjónustu sem þarf. Allt til alls í Kópavogi. Ég hef unnið sem hjúkrunarfræðingur í 15 ár, lengst af sem stjórnandi í öldrunarþjónustu.

Það sem helst brennur á mér og var kveikjan að því að ég bauð mig fram fyrir þessar sveitarstjórnarkosningar er það að mig langar að sjá meiri áherslu á að gera Kópavog að góðum stað til að eldast. Hér vil ég búa og hér vil ég geta átt gott ævikvöld.



Bryndís Rut Logadóttir, skipar 6. sæti Viðreisnar í Kópavogi.

Í störfum mínu hef ég öðlast góða yfirsýn yfir heilbrigðiskerfið og hvernig stjórnsýslan hefur flækt málefni eldri borgara svo um munar. Kerfi ofan á kerfi, nefndir ofan á nefndir. Enginn veit lengur hvort kom á undan, hænan eða eggid? Stjórnámálemenn keppast við að kasta fram loforðum um fjölgun á dýrustu úrræðunum en orðið forvarnir eru hvergi nærri.

Ef rætt er um félagsstarf fyrir eldri borgara hugsá margir að megintilgangur þess sé að hafa ofan af fyrir fólki sem er hætt að vinna og leiðist. Félagstarf er síður en svo bara afþreying. Félagstarf er mikilvægt forvarnarstarf og er lögbundin þjónusta sem sveitarfélögum ber að veita. Með því að bjóða upp á fjölbreytt félagsstarf með áherslu á lýðheilsu og forvarnir er hægt að seinka og draga úr þörf einstaklinga fyrir

heimaþjónustu og enn frekar þörfinni fyrir hjúkrunarheimili. Félagstarf er því fyrsti hlekkurinn í þjónustukeðjunni. Þetta er eins og viðhald á húsi. Ef við biðum alltaf eftir því hlutirnir gefi sig, þakið fer að leka eða gluggarnir morkna, þá verður viðgerðin kostnaðarsamari en ef við sinnum reglulegu viðhaldi.

Með reynslu minni langar mig að leggja mitt að mörkum við að einfalda og betrumbæta þjónustuna svo að nýta megi fjármuni betur og gera ævikvöldið ljúft áhyggjulaust.

Við í Viðreisn í Kópavogi viljum leggja áherslu á lýðheilsu og forvarnir. Við viljum efla þjónustukjarna bæjarins. Byggja á því sem fyrir er og auka við fjölbreytni. Þannig nýtum við betur fjármagn bæjarins á sama tíma og við aukum lífsgæði og ánægju bæjarbúa.



# KJÖRFUNDUR

vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026

Kjörfundur hefst kl. 9.00 og lýkur kl. 22.00

## Kjörstaðir í Kópavogi verða tveir

Íbúar vestan Reykjanesbrautar og í Lindahverfi kjósa í íþróttahúsinu Smáranum, Dalsmára 5. Íbúar austan Reykjanesbrautar, að frátöldum þeim sem búa í Lindahverfi, kjósa í íþróttahúsinu Kórnum, Vallakór 12.

Talning fer fram í Kórnum að loknum kjörfundi.

Eftirtaldar kjördeildir verða í Kópavogi við sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026:

### Íþróttahúsið Smárin við Dalsmára

#### 1. kjördeild

Aspargrund  
Auðbrekka  
Austurgerði  
Álfabrekka  
Álfaheiði  
Álfatún  
Álfhólsvegur  
Álftröð  
Bakkabraut

#### 2. kjördeild

Arnarsmári  
Álalind  
Ásbraut  
Ástún  
Bakkahjalli  
Bakkasmári  
Bergsmári  
Birkihvammur  
Bollasmári

#### 3. kjördeild

Birkigrund  
Bjarnhólastígur  
Blikahjalli  
Borgarholtsbraut  
Brattatunga  
Brekkuhjalli  
Brekksmári  
Brekktún  
Bryggjuvör  
Bræðratunga  
Bæjarlind  
Bæjartún  
Daltún  
Engjasmári  
Fellasmári

#### 4. kjördeild

Dalbrekka  
Dalvegur  
Digranesheiði  
Digranesvegur  
Efstihjalli  
Ekrasmári  
Engihjalli  
Eyktarsmári

#### 5. kjördeild

Eskihvammur  
Fagrabrekka  
Fagríhjalli  
Fannborg  
Fífuhjalli  
Fífuhvammur  
Fífulind  
Fjallalind  
Foldarsmári

#### 6. kjördeild

Fitjasmári  
Fossvogsbrún  
Funalind  
Furugrund  
Furuhjalli  
Galtalind  
Geislalind  
Grenigrund  
Grófarasmári

#### 7. kjördeild

Gnitaheiði  
Gnípuheiði  
Grundarsmári  
Grænatunga  
Grænatún  
Grænihjalli  
Gullsmári  
Hafnarbraut  
Hamraborg

#### 8. kjördeild

Haukalind  
Háalind  
Hábraut  
Hátröð  
Hávegur  
Heiðarhjalli  
Heimalind  
Hjallabrekka  
Hlaðbrekka  
Hlégerði  
Hlíðarhvammur  
Hljóðalind  
Holtagerði  
Hólahjalli  
Hvannahólmi  
Hveralind  
Ísalind

#### 9. kjördeild

Hlíðarhjalli  
Hlíðarvegur  
Hlíðasmári  
Hófgerði  
Hraunbraut  
Iðalind  
Jöklalind  
Kópalind

#### 10. kjördeild

Helgubraut  
Hrauntunga  
Huldubraut  
Húsalind  
Jörfalind  
Kaldalind  
Kastalagerði  
Kópavogsbakki  
Kópavogsbarð  
Kópavogsgerði  
Kópavogstún  
Laugalind  
Lindarhvammur

#### 11. kjördeild

Kársnesbraut  
Kjarrhólmi  
Kópavogsbraut  
Kópavogsbrún  
Langabrekka  
Litlihjalli  
Mánabraut

#### 12. kjördeild

Krossalind  
Laufbrekka  
Lautasmári  
Laxalind  
Lindasmári  
Litlavör  
Ljósalind  
Meltröð

#### 13. kjördeild

Lyngheiði  
Lundarbrekka  
Lundur  
Lyngbrekka  
Marbakkabraut  
Nýbýlavegur

#### 14. kjördeild

Lækjarhjalli  
Lækjasmári  
Mánalind  
Meðalbraut  
Melaheiði  
Melalind  
Melgerði  
Múlalind  
Neðstatröð  
Óstaðsettir  
Reynigrund  
Smíðjuvegur

#### 15. kjördeild

Núpalind  
Rauðihjalli  
Reynihvammur  
Selbrekka  
Skemmuvegur  
Skjólbraut  
Skógarhjalli  
Skólagerði  
Skólatröð  
Starhólmi  
Stórihjalli  
Suðurbraut  
Sunnubraut  
Sæbólsbraut  
Túnbrekka

#### 16. kjördeild

Naustavör  
Skálaheiði  
Sunnasmári  
Tunguheiði  
Vallhólmi

#### 17. kjördeild

Trönuhjalli  
Urðarbraut  
Vallargerði  
Vallartröð  
Vesturvör  
Víðigrund  
Víðihvammur  
Víghólastígur  
Vogatunga  
Þinghólsbraut  
Þverbrekka

#### 18. kjördeild

Íslendingar erlendis

### Íþróttahúsið Kórinn við Vallakór

#### 1. kjördeild

Aðalþing  
Aflakór  
Akrakór  
Akurhvarf  
Almannakór  
Andarhvarf  
Arakór  
Auðnukór  
Austurkór  
Álfahvarf  
Álmakór

#### 2. kjördeild

Álaþing  
Álfkonuhvarf  
Ársalir  
Ásakór  
Ásaþing  
Brekkuhvarf

#### 3. kjördeild

Asparhvarf  
Baugakór  
Björtusalir  
Blásalir  
Breiðahvarf  
Dalþing  
Desjakór  
Dofrakór  
Drekakór  
Fannahvarf

#### 4. kjördeild

Boðaðing  
Dimmuhvarf  
Drangakór  
Dynsalir  
Engjaþing  
Ennishvarf  
Fagraþing  
Faldarhvarf  
Faxahvarf  
Fákahvarf  
Goðakór  
Grandahvarf

#### 5. kjördeild

Fellahvarf  
Fensalir  
Fjallakór  
Flesjakór  
Fornahvarf  
Forsalir  
Fossahvarf  
Frostaþing  
Fróðaþing  
Glósalir  
Glæsihvarf  
Gnitakór  
Goðasalir  
Grundarhvarf  
Gulaþing  
Hafraþing  
Kórsalir

#### 6. kjördeild

Hamrakór  
Hálsaþing  
Hásalir  
Heiðaþing  
Hlynsalir  
Hólmaþing  
Hörðukór  
Jórsalir  
Jötunsalir  
Klappakór  
Kleifakór  
Klettakór  
Logasalir  
Lómasalir  
Lækjarbotnar

#### 7. kjördeild

Melahvarf  
Miðsalir  
Perlukór  
Rjúpnasalir  
Roðasalir  
Skjólusalir  
Sólarsalir  
Straumsalir  
Suðursalir  
Tröllakór  
Þrúðsalir

#### 8. kjördeild

Vallakór  
Vatnsendablettur  
Vindakór  
Þorrasalir  
Þrymsalir  
Ögurhvarf  
Öldusalir  
Örvasalir

#### Kópavogsbúar

Upplýsingar um kosningarnar er að finna á kosningavef dómsmálaráðuneytisins, [www.kosning.is](http://www.kosning.is) og á vef Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa **persónuskilríkjum**, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.

Aðsetur kjörstjórnar á kjördag verður í **íþróttahúsinu Smáranum**, sími 441 8911.

#### Yfirkjörstjórnin í Kópavogi

Helgi Magnússon, Jón Ögmundsson og Jón Guðlaugur Magnússon



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

**Sótt tilboð****6.890 kr.**

15" pizza af matseðli og 15" margarita eða hvítlauksbrauð

**6.990 kr.****Fjölskyldutilboð**

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

**2.990 kr.****Stór pizza**

Stór pizza með 2 áleggstegundum

**5.960 kr.**

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

**6.990 kr.**

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

**Hádegisútilboð****2.750 kr.**

12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

**2.490 kr.**


9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

**Castello**  
PIZZERIAPantaðu á netinu  
**castello.is**  
eða í síma 577 3333Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu  
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13

# GÓÐ ÞJÓNUSTA

**í Kópavogi****GLUGGAVINIR**Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur  
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is

Arion banki

**B&T**  
RÉTTING & SPRAUTUN  
**578 5070**Skemmuvegi 44m, Kópavogi  
www.bilarogtjon.is**BÍLRÚÐAN**Smiðjuvegi 14, Græn gata,  
200 Kópavogi  
www.bilrudan.is  
S: 552 5755Dalvegi 24, 201 Kópavogur  
S: 571 7030, www.car-med.is**BÍLRÚÐU  
MEISTARINN**

Vinnum fyrir öll tryggingafélög

Dalvegi 18, 201 Kópavogur  
S: 5711133**Flutningsþjónusta  
Mikaels**Flytjum það sem  
þú vilt flytjaKársnesbraut 87, 200 Kópavogur  
S: 894 4560, www.flytja.is**RO REYKOFNINN EHF.**Smiðjuvegi 14 (bleik gata),  
S: 557 2122,  
info@reykofninn.com,  
reykofninn.is



# SUMARNÁMSKEIÐ GERPLU

## FIMLEIKA- OG ÍPRÓTTAFJÖR

Fjölbreytt námskeið fyrir 6-10 ára (2016-2020), þar sem farið er í fimleika sem og aðrar íþróttir, farið í sund, heimsókn í húsdýragarðinn ásamt ýmiskonar útiveru.

**🕒 Skipulögð dagskrá**  
kl. 9:00-16:00  
**Gæsla (án aukakostnaðar)**  
kl. 8:00-9:00 & kl. 16:00-17:00

**📍 GERPLU, VERSÖLUM 3**

**💰 VERÐ**  
5 daga námskeið **18.900 kr.**  
4 daga námskeið **15.120 kr.**

## NÁMSKEIÐ

- 1 15.-19. júní (4 dagar)
- 2 22.-26. júní
- 3 29. júní-3. júlí
- 4 6.-10. júlí
- 5 13.-17. júlí
- 6 20.-24. júlí
- 7 4.-7. ágúst (4 dagar)
- 8 10.-14. ágúst

## NÁMSKEIÐ

- 1 15.-19. júní (4 dagar)
- 2 22.-26. júní
- 3 29. júní-3. júlí
- 4 4.-7. ágúst (4 dagar)
- 5 10.-14. ágúst
- 6 17.-21. ágúst

## PARKOUR



Námskeiðið er parkourmiðað leikjanámskeið í Gerplu, Vatnsenda fyrir börn fædd 2014-2020

**📍 GERPLU, VATNSENDA**  
2017-2020 kl 9:00-12:00  
2014-2017 kl 13:00-16:00  
(börn fædd 2017 geta valið)

**💰 VERÐ**  
5 daga námskeið **10.900 kr.**  
4 daga námskeið **8.720 kr.**

## FIMLEIKANÁMSKEIÐ

Áhalda- og hópfimleikamiðað námskeið fyrir stúlkur fæddar 2018-2020  
Fimleikaæfingar í bland við styrktar- og liðleikaþjálfun, og leiki

**📍 GERPLU, VERSÖLUM**  
kl. 9:00-12:00

**💰 VERÐ**  
5 daga námskeið **10.900 kr.**  
4 daga námskeið **8.720 kr.**

## NÁMSKEIÐ

- 1 15.-19. júní (4 dagar)
- 2 22.-26. júní
- 3 29. júní-3. júlí
- 4 4.-7. ágúst (4 dagar)
- 5 10.-14. ágúst
- 6 17.-21. ágúst



**ATH!**

**TAKMARKAÐUR FJÖLDI BARNNA Á NÁMSKEIÐUM**

**Upplýsingar**  
gerpla.is / sumarnamskeid@gerpla.is



Skráningar hefjast 1. maí 2026  
[abler.io/shop/gerpla](https://abler.io/shop/gerpla)





Óskum  
Kópavogsbúum  
gleðilegs sumars



**TANNBJÖRG**

Hliðasmári 19  
S: 564-2425  
tannbjorg@tannbjorg.is



Óskum  
Kópavogsbúum  
gleðilegs sumars

**Deloitte.**



Óskum  
Kópavogsbúum  
gleðilegs sumars

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA



Óskum  
Kópavogsbúum  
gleðilegs  
sumars



TANNSETRIÐ



Óskum  
Kópavogsbúum  
gleðilegs  
sumars

Réttingaverkstæði  
**Jóa**  
- Stofnað 1998 -



KOSNINGAR Í KÓPAVOGI 2026

X-V

## Kópavogur er samfélag, ekki hlutafélag



Anna Sigríður Hafliðadóttir, oddviti Vinstri grænna og óháða í Kópavogi.

Lýsingar hægrisins á vinstri gildum eru sérstakar. Mannúð, jöfnuður, réttlæti og samfélags-hugsun virðast hættuleg rekstri „Kópavogs hf.“ hægrisins. Lögbundin þjónusta sveitarfélagsins við fólk virðist byrði og krafan um mann-

eskjulegra sveitarfélag nánast ógn við framtíðina.

Boðskapur Vinstri grænna og óháða er einfaldur. Við viljum Kópavog sem sér og hlustar á fólk, aðstoðar þegar þörf er á og tryggir öllum öruggt heimili á viðráðanlegu

verði, hvort sem þau vilja eiga eða leigja.

### Forgangsröðum þjónustu og lífsgæðum

Öll viljum við að Kópavogur sé vel rekið sveitarfélag en gæði og styrkur sveitarfélagsins verða seint mæld í debet og kredit fjárhagsbókhaldisins. Styrkinn má helst sjá í því hvort einstaklingar og fjölskyldur bæjarins fái stuðning við hæfi áður en vandi þeirra vex. Það er fjárfesting til framtíðar því íbúar eiga ekki að berjast við kerfið til að fá aðstoðina sem þeir eiga rétt á.

Það er ekki ábyrgðarfullt að safna afgangi ef grunnþjónustan verður of veikburða fyrir fólk sem þarf hana. Bærinn á að einfalda líf íbúa, ekki láta íbúa ráfa milli kerfa og deilda í leit að eyðublöðum til að komast á biðlista.

### Veljum sterkara samfélag fyrir öll

Sterkt samfélag verndar og styður fólk sitt með aðgengilegri og mann-eskjulegri þjónustu þegar fólk þarf á henni að halda. Í sterku samfélagi fá börn að vera með, óháð efnahag foreldra sinna. Öruggt heimili er ekki bara forréttindi hinna efnameiri. Fjölbreytileikanum er fagnað. Hverfin eru lifandi og aðgengi að útivistarsvæðum er gott. Íbúar hafa áhrif og á þá er hlustað áður en ákvarðanir eru teknar.

Við ætlum að standa vörð um lífsgæði allra íbúa og vera rödd íbúa, jöfnuðar, jafnréttis og umhverfisins í bæjarstjórn.

Hjálpumst að við að gera Kópavog að enn sterkara samfélagi fyrir okkur öll.

Mætum á kjörstað og merkjum X við V 16. maí.

X-M

## Kársnesið verður þéttbyggðasti reitur landsins



Einar Jóhannes Guðnason, oddviti Miðflokksins í Kópavogi

Meirihluti Kópavogsbúa er andvígur Borgarlínunnar og þéttingu byggðar. Þetta segir rannsókn sem kynnt var á RÚV. Niðurstaðan kemur eflaust fám á óvart en í oddvitaumræðum Vísis kom það skýrt fram að einungis Miðflokkurinn ætli að sporna við nýlegri þéttingarstefnu meirihlutans í Kópavogi.

Nú kynnir Kópavogsbær með stolti rammahluta aðalskipulags á vestanverðu Kársnesi. Ég hef ekki hitt einn íbúa sem tekur þessu skipulagi fagnandi og staðreyndin er að þegar framkvæmdum lýkur verður þetta þéttbyggðasti reitur Íslands. Hvers vegna er ekki hlustað á vilja íbúa?

Fossvogsbrúin mætti andspyrnu upphaflega þegar óljóst var hvort hún yrði fyrir almenna umferð og ótti að henni fylgdi mikil bílaumferð. Þegar tilkynnt var að hún væri einungis fyrir almenningssamgöngur, hjólandi og gangandi kom annar tónn í íbúa. Hann mun líklega breytast aftur nú þegar áformin fyrir vestanvert Kársnesið eru ljós.

Gert er ráð fyrir 2 bílastæðahúsum í nálægð við brúnna og er nú búið að bæta við um þrjú hundruð íbúðum ofan á núverandi deiliskipulag, þ.m.t. íbúðir án bílastæða. Það má því fastlega gera ráð fyrir því að bílaumferð muni þyngjast verulega á svæðinu og að nemendur við Háskólann í Reykjavík keyri í Kópavog til að leggja í bílastæðahúsi og taka t.d. Hopp-hjól yfir Fossvogsbrúna. Enda á að fjarlægja 300 bílastæði við HR á næstunni.

Tækifærin á vestanverðu Kársnesi eru gríðarleg. Kópavogshöfnin og svæðið þar í kring getur orðið að mjög lífligum reit en þessi þéttingarstefna núverandi meirihluta virðist ætla að kasta því á glæ.

Við í Miðflokknum í Kópavogi leggjum mikla áherslu á skynsemi í skipulagsmálum. Bílastæði og sólarljós eiga ekki að vera lúxusvara, enda algjör óþarfi að þetta á sama máta og við höfum séð í Reykjavík.

Það er einungis eitt í stöðunni fyrir þá íbúa sem hafna slíkri þéttingu. Það er að setja X við M þann 16. maí.



# BREIÐABLIK

## SUMARNÁMSKEIÐ

### 2026 BREIÐABLIK.IS



**KÖRFUBOLTI**  
7-10 ára | Smárinn



**FÓTBOLTI**  
7-10 ára | Smárinn



**RAFÍPRÓTTIR**  
7-15 ára | ARENA

**ARENA**



**ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ**  
7-10 ára | Smárinn - Fagrilundur



**KARATE**  
7-10 ára | Smárinn



**SKÁK**  
7-10 ára | Smárinn




**FRJÁLSAR**  
7-10 ára | Smárinn



**SUND**  
4-10 ára | Kópavogs- og Salalaug



Nánari upplýsingar og skráning á [breidablik.is](http://breidablik.is)



# KOSNINGAR Í KÓPAVOGI 2026

X-D

## Slagurinn færður í Kópavog

Í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga hafa þau tíðindi gerst að Samfylkingin hefur kastað inn handklæðinu í borginni og þess í stað ákveðið að setja aukinn fókus á Kópavog. Í þeirri ákvörðun felst mikil viðurkenning á afrekum Sjálfstæðisflokksins á kjörtímabilinu. Við höfum verið leiðandi í leik-

skólamálum og innleitt nýtt leikskólamódel, í nánú samráði við leikskólustjórnendur og starfsfólk, sem orðið hefur öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni. Við höfum lækkað fasteignaskatta og önnur fasteignagjöld til að koma til móts við hækkandi fasteignaverð og eru fasteignagjöld þau lægstu á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða því höfum við afrekað að bæta afkomu bæjarsjóðs. Það er því skiljanlegt að Kópavogur verði skotspónn þeirra sem lofað hafa öllu fögru en gengið illa að standa við stóru orðin.

**Það er gott að búa í Kópavogi** Tækifærin liggja víða til að gera gott enn betra. Á teikniborðinu er nýtt hverfi í Vatnsendahlíð og hugur okkar stendur til að stúdentagarðar risi á

Kársnesi við Fossvogsbrúna. Íþróttafélögin okkar skara fram úr, hér er að finna útivistarperlur í hverju hverfi og mannlífið blómstrar.

Við viljum áfram þjónusta vel eldri kynslóðir. Í Kópavogi eru verkefni á vegum bæjarins eins og sundleikfimi og „Virgni og vellíðan“ fyrir eldri borgara sem hafa skilað frábærum árangri. Við viljum halda áfram að efla þá þjónustu og gera enn betur.

Á komandi kjörtímabili viljum við beina kastljósinu að grunnskólastiginu, innleiða fleiri samræmd stöðupróf, nýtt námsumsjónarkerfi í stað Mentor og auðvelða foreldrum að fylgjast með námi barna sinna.

Þá blasir við að nauðsynlegt er að hefja samtal við ríkið um að útvíkka vaxtarmörk bæjarins og brjóta land



Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi.

undir nýja byggð. Samhliða ætlum við að byggja upp miðbæjarkjarna í hverfunum sem rúma allt í senn menningu, þjónustu og mannlíf og tryggja

að íbúar hafi raunverulegt val um búsetuleiðir og samgöngur án þess að ein ríkisleið þrenji að öðrum og án þess að það komi niður á rekstri og kjarnaþjónustu.

### Kópavogur er í sókn

Í kjörklefanum eru valkostirnir því skýrir. Kópavogur er í sókn og við getum haldið sókninni áfram af sömu staðfestu og á kjörtímabilinu sem er að líða eða fært okkur nær þeim rekstrarháttum, með tilheyrandi breytingum á þjónustustigi, sem tíðkast norðanmegin við Fossvoginn.

Í huga Sjálfstæðismanna er það auðvelt val. Settu X við D laugar- daginn 16. maí.

X-S

## Hvernig samfélag er Kópavogur

Samfélagið sem við búum í er Sframlenging af okkur sjálfum. Bærinn okkar endurspeglar gildin okkar. Mín reynsla af Kópavogs-

búum er að þeim er annt um bæinn sinn og nærumhverfi. Þeir eru almennt lausir við ofstæki, vilja bara hafa hlutina í lagi og að vandað sé til verka. Bæjarbragur, hóflega þétt byggð og græn svæði skiptir fólk máli.

En Kópavogsbúum er líka annt um aðra Kópavogsbúa. Þeir vilja styðja þau sem þurfa stuðning og eru ekki feimnir við að stíga fram og taka ábyrgð þegar á reynir. Fólk er ekki sátt þegar það heyrir að það hafi verið tekin ákvörðun um að stytta ekki biðlista eftir þjónustu við fötluð börn og aldraða. Það er ekki hrifið af



Jónas Már Torfason, oddviti Samfylkingar í Kópavogi.

því að kostnaði sé velt yfir á barnafólk og það skilur að ef Kópavogur

er á vergangi á húsnæðismarkaði. Laugardaginn þann 16. maí kjósum við um framtíð Kópavogs til næstu fjögurra ára. En við kjósum líka um hvernig samfélag Kópavogur er og á að vera. Kjósum því nýja forgangsröðun, þar sem við látum okkur hvert annað varða og forgangsröðum í þágu þjónustu við íbúa. Þar sem við léttum undir með barnafjölskyldum, hlúum að fólkinu sem byggði landið og pössum upp á bæinn sem við elskum. Kjósum Samfylkinguna 16. maí.

og Ísland á að dafna áfram þurfum við að létta undir með fjölskyldum. Kópavogsbúar vilja gera vel við eldri borgara. Þeir skilja að með hækkandi meðalaldri þarf að hugsa til framtíðar ef okkur á að takast að tryggja fólkinu sem byggði þetta land mannsæm- andi ævikvöld. Þeim er meinilla við tilhugsunina um að fólk gangi eitt og einmana í gegnum sín síðustu ár. Kópavogsbúum rennur blóðið til skyldunnar í húsnæðismálum og finnst óásættanlegt að bærinn þeirra neiti að taka þátt í uppbyggingu húsnæðis fyrir venjulegt vinnandi fólk sem

er á vergangi á húsnæðismarkaði.

Laugardaginn þann 16. maí kjósum við um framtíð Kópavogs til næstu fjögurra ára. En við kjósum líka um hvernig samfélag Kópavogur er og á að vera. Kjósum því nýja forgangsröðun, þar sem við látum okkur hvert annað varða og forgangsröðum í þágu þjónustu við íbúa. Þar sem við léttum undir með barnafjölskyldum, hlúum að fólkinu sem byggði landið og pössum upp á bæinn sem við elskum. Kjósum Samfylkinguna 16. maí.

X-B

## Byggjum á árangri, ekki loforðum

„Kópavogur, okkar heimili“ er ekki bara slagorð okkar hjá Framsókn. Það er sýn á samfélag þar sem fólk líður vel, fjölskyldur finna öryggi og

við byggjum áfram upp bæ sem við getum öll verið stolt af. Kosningar snúast um framtíð samfélagsins okkar. Þær snúast um heimilin, börnin, foreldrana og eldri borgara - fólkíð okkar. Þær snúast um þjónustuna sem við byggjum upp saman og þau gildi sem við viljum að móti Kópavog til framtíðar. Við höfum fundið sterkan vilja hjá fólki til að halda áfram að byggja upp öflugt samfélag þar sem ábyrg stjórnarsýsla, stöðugleiki og skýr framtíðarsýn ráða ferðinni. Það er ekki sjálfsgætt að sveitarfélag sé vel rekið, með góða þjónustu, traustan

fjárhag og sterka innviði. Slíkur árangur verður til með markvissri vinnu, ábyrgum ákvörðunum og fólki sem hefur reynslu og festu til að takast á við verkefni. Kópavogur hefur á síðustu árum tekið mikilvæg skref í uppbyggingu leik- og grunnskóla, íþróttastarfs og velferðarþjónustu. Við í Framsókn höfum unnið að því að skapa Kópavogsmódelið, bætt þjónustu við fjölskyldur og lagt áherslu á að halda álögum í hófi. Við viljum halda áfram á þeirri braut með raunhæfum lausnum, ábyrgð og stöðugleika fremur en háværum loforðum og skyndilaus-

um. Traust bæjarbúa er dýrmætt og það þarf að ávinna sér það með heildarleika, ábyrgð og góðum verkum. Á lista Framsóknar í Kópavogi fer saman reynsla og nýjar raddir. Þar er fólk með viðtæka reynslu úr stjórnun, rekstri, menntamállum og samfélagsþjónustu ásamt fólki með ferska sýn og metnað til góðra verka. Við hvetjum fólk til að nýta kosningarétt sinn og vanda valið. Ef þú verður að heiman á kjördag geturðu kosið utan kjörfundar hjá sýslumanni. Á kjördag óskum við eftir stuðningi ykkar til áframhaldandi uppbyggingar í Kópavogi.



Orri Vignir Hlöðversson bæjarfulltrúi og er í 1. sæti Framsóknar í Kópavogi. Björg Baldursdóttir bæjarfulltrúi og er í 2. sæti Framsóknar í Kópavogi.

X-C

## Framtíðarsýn fyrir allar kynslóðir

Kópavogur á að vera bæjarfélag þar sem fólk getur búið á öllum



María Ellen Steingrimsdóttir, oddviti Viðreisnar í Kópavogi.

æviskeiðum. Frá fyrstu skrefum barnsins á leikskóla, fyrstu æfinganna með einum af fjölmörgum íþróttafélögum bæjarins, til þeirra ára þegar börnin eru flogin úr hreiðrinu og tími gefst til að njóta uppskerunnar af ævistarfi í sundlaugum bæjarins og félagsstarfi eldri borgara. Þetta er framtíðarsýn Viðreisnar í Kópavogi.

Við viljum skapa samfélag þar sem barnafjölskyldur finna að þær geti komið sér fyrir án þess að gjöld og húsnæðiskostnaður verði óyf- stíganleg hindrun. Þar sem foreldrar geta treyst á góða leikskóla, sterka

kennara og öruggt umhverfi til að leyfa börnunum sínum að ganga lausum.

Við viljum að eldri íbúar Kópavogs upplifi virðingu og aukin lífsgæði. Það skiptir máli að hafa aðgang að góðri þjónustu í nærumhverfi sínu og fá tækifæri til að búa heima með viðeigandi þjónustu eins og fólk kys sjálf. Kópavogur á að vera staður þar sem reynsla og þekking eldri kynslóða fær notið sín og er metin að verðleikum.

Ábyrg fjármálastjórn snýst ekki aðeins um að skila fallettum tölum á blaði. Hún snýst um að fjárfesta skynsamlega í fólki, innviðum og samfélagi

sem stendur undir sér til framtíðar. Þegar vel er forgangsraðað skapast svigrúm til að efla þjónustu, styrkja hverfin og byggja upp bæ sem þjónar öllum. Við viljum reka sveitarfélag.

Við í Viðreisn trúum því að fallett og farsælt samfélag verði aðeins til þegar hagsmunir allra kynslóða fara saman. Það er sú framtíð sem við viljum byggja: með ábyrgð, framsýni og virðingu fyrir fólkinu sem gerir Kópavog að heimili sínu.

X-J

## Kópavogsbúar, verið á varðbergi

Á hverri stundu gætu háhýsi risið í bakgarði þínum á forsendum uppbyggingar á „nýjum miðbæ“!

Það er hægt að hrósa bæjarstjórn fyrir margt á yfirstandandi kjörtímabili enda eru margir ágætir einstaklingar

innan stjórnsýslu okkar sem vinna góð verk. En eitt sem stendur ítrekað í koki marga Kópavogsbúa eru skipulagsmálin. Hvort sem fólk stendur með eða á móti þéttingu byggðar er skýr skortur á faglegum vinnubrögðum.

Fregnir frá minnihlutunum um ofríki bæjarstjórnar birtast mér sem skýr vísbending um að Kópavogsbúar hafa sigri að fagna skyldi núverandi meirihluti falla.

Eins og Helga Jónsdóttir bæjarfulltrúi Vina Kópavogs bendir á virðast hagsmunir fjárfesta og markaðsleg sjónarmið vega þyngra en daglegt líf íbúa.

„Hér skal borg risa!“ kallar smá- barón Kópavogs.



Markús Candi, oddviti Sósíalistasflokks Íslands í Kópavogi.

Meirihlutinn virðist vilja byggja borg, hvort sem þú vilt það eða ekki.

Allt virðist snúast um að græða á löðum, þar sem hæstbjóðendur og markaðslausnir ráða för.

Samkvæmt HMS standa yfir 1000 dýrar íbúðir auðar í Kópavogi. Leigufélagið Bjarg, sem var hafnað af núverandi meirihluta, hefur getað verið mótvægi með viðráðanlegra leiguverði og aukinni samkeppni.

Prátt fyrir endurteknar athugasemdir til bæjarstjórnar um sjónmengun, hljóðmengun og skerta innviði, er vaðið áfram gegn vilja íbúa. Það virðist jafnvel stefna í að aðgengi og réttindi hreyfihamlaðra íbúa í Hamraborg og Fannborg verði undir þegar „Kópavogur í sókn“ klessir á.

Svipað mynstur birtist í Sílfursmára,

þar sem samþykkt byggingarmagn hefur verið aukid þrátt fyrir gagnrýni íbúa. Þar eiga stórblokkir að rísa sem skerða sólarljós og mynda vindgöng sem gera torg köld og döpur. Þetta rímar vel við skipulagsslysið í Fannborg.

Á sama tíma er þjónusta Sorpu á Dalvegi skert vegna framtíðaruppbyggingar á svæðinu, áður en sambærileg þjónusta er tryggð annars staðar. Íbúar eru þannig látnir bera kostnaðinn af „nýjum miðbæ“ á meðan hagsmunir séreignarfélaga ganga fyrir.

Hverjum þjónar þessi uppbygging í raun?

# 5-9 ára börn æfa 1 íþrótt frítt





Samfylkingin í Kópavogi



# Léttum daglega lífið í Kópavogi

## Léttum lífið hjá fjölskyldum

Þannig gefum við meira andrými fyrir gæðastundir

## Hlúum að fólkinu sem byggði landið

Þannig tryggjum við að enginn sé einn á sínu ævikvöldi

## Pössum upp á bæinn sem við elskum

Þannig verður áfram gott að búa í Kópavogi

Kíktu á [xs.is/lettum-daglega-lifið-i-kopavogi](https://xs.is/lettum-daglega-lifið-i-kopavogi) eða skannaðu kóðann

